



ÚTSALAN ER HAFIN!

FRÁBÆR TILBOÐ Í VERSLUNUM

SJÁ TILBOÐIN NÁNAR Á BAKSÍÐU BLAÐSINS

FYLGSTU MEÐ Á @FJORDUR



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn og auglýsingar: sími 896 4613
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:**
 Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf.,
 Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Skapandi sumarstörf spennandi

Starfsfólki Skapandi sumarstarfa, sem rekið er sem hluti af Vinnuskóla Hafnarfjarðar er ætlað að glæða bæinn lífi, gera hann skemmtilegri, fallegri og fjölbreyttari með listrænum og skapandi uppákomum. Verkefni eru fjölbreytt og höfða til mismunandi aldurshópa og áhugasviða.

Klara Ósk Elíasdóttir, aðstoðarverkefnastjóri Hamarsins hefur yfirumsjón með Skapandi sumarstörfum 2022 ásamt Margréti Gauju Magnúsdóttir, deildarstjóra ungmennahúsa Hafnarfjarðar. Hver verkefnahópur fyrir sig útvegar sér húsnæði eða aðstöðu til að vinna í, ásamt



því að standa straum af öllum tilfallandi kostnaði við vinnslu verkefnanna. Áhersla

er lögð á að starfsfólk tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð, haldi vel utan um tímaskipulag og að starfsfólk setji sér raunhæf markmið fyrir sumarið. Markmiðið var ekki bara að bærin fái að njóta hæfileika þessa unga listafólks heldur einnig að Hafnarfjörður gefi upprennandi hafnfírsku listafólki tækifæri til að vinna að sinni list og undirbúa sig fyrir krefjandi starfsferil sem sjálfstætt starfandi listafólk. Að sögn Klöru Óskar vildu miklu fleiri taka þátt en niðurskurður varð til þess að ekki gátu fleiri tekið þátt. Hópurinn hittist í fyrsta sinn sl. föstudag og kynnti hugmyndir sínar.

Kolbrún og Lára ætla að vera með hlaðvarp um bækur skrifaðar af konum.

Berglind, Katla, Kolbeinn og Birta ætla að vera með „Strandgate filmfestival“ í Bæjarbíói.

Magnús ætlar að flytja frumsamda tónlist og taka 5 lög upp. Mun hann fara um miðbæinn og spila m.a. á kaffihúsum.

Sindri teiknar og horfir í það smáa og skordýr eru uppsprettan að teikningum hans. Stefnir hann að sýningu í Apótekinu.

Úlfur er að semja strengjakvartett og sækir hann hugmyndir í Hafnarfjörð, hraunið og álfana.

Hrafnhildur ætlar að skrifa jóladagatalið „Katla og Leó bjarga jólonum“ og teiknar sjálf og semur textann.

Gúa er að semja sína fyrstu EP plötu en hún er að læra tónlist í Danmörku.

Var létt yfir hópnum og allir mjög spenntir að heyra hvað hinir væru að gera og voru þau óspar á spurningar, hrós og hvatningu.

Nánar verður sagt frá Skapandi sumarstörfum á fjardarfrettir.is

leiðarinn



Á síðasta fundi bæjarráðs var vel tekið í tillögu Viðreisnar um gerð hjólréiðaáætlunar fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Hafði þetta verið eitt af áherslumálum VG sem ekki náði manni í bæjarstjórn og annar flokkur vildi vinna áfram að hjólréiðaáætlun sem þó hefur ekki verið til

Í henni á að vera stefnumótun og sýn fyrir Hafnarfjörð sem hjólréiðabæ hvað sem það þýðir annað en slagorð en þar á líka að vera áætlun um uppbyggingu stofnstíganets hjólréiða og uppbyggingu hjólréiða almennt auk áætlunar um hjólastæði, þjónustu og aðgerðaráætlun.

Í raun er ótrúlegt að þetta hafi ekki verið til en það sama má segja um stígakerfi bæjarins. Útivistarstígar í bæjarlandinu eru flestir lélegir, merkingar litlar og stefnumótun vantar þó örlítið hafi verið klórað í bakkann þegar upp úr sauð þegar hestamenn vildu láta loka útivistarstíg.

Umferð útivistarfólks hefur aukist gríðarlega og uppbygging stíga hefur ekki verið í neinu samræmi við það. Fagna ber endurbótum á stígum við Hvaleyrarvatn þó lítið hafi verið um samráð við bæjarbúa.

Mikilvægt er að vinna áætlun um hjólréiðastíga saman með áætlun um almenna útivistarstíga.

Guðni Gíslason ritstjóri.



AÐALSKOÐUN



**Komdu með bilinn í skoðun.
Engar tímabantanir, bara mæta.**

Aðalskoðun | Hjallahraun 4 | Hafnarfjörður





Ratleikur Hafnarfjarðar



Allir geta tekið þátt!

Stendur til 25. september

Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu upplandi Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni. Þemað í ár er Gamlar þjóðleiðir

<https://ratleikur.fjardarfrettir.is>

f Ratleikur

Frí Ratleikskortin má fá í Fjarðarkaupum Bókasafninu og víðar.

Nýr glæsilegur valkostur

Vel búinn og öflugur

CERES 3 rafbíll

ABS bremsur, EBD rafræn dreifing bremsukrafts, ESP rafræn stöðugleikavörn, ESC stöðugleikastjórn, EBA rafræn bremsuaðstoð, ASR Spólvörn, TCS gripstýringarkerfi, TEC gripstýring, HAC brekkuaðstoð, upp í móti Auto hold, TEC brekkuaðstoð niður í móti. Hægt að opna glugga með fjarstýringu/lykli, rafstýrðir speglar, Isofix stólfestingar, GPS, LCD snertiskjár, bluetooth, þjófavörn, rafmagnshandbremsa, fjarlægðarskynjarar aftan, bakkmyndavél, barnalæsing á hurðum og gluggum aftur í, hæðarstillanlegt leðurstýri með aðgerðarhnöppum, Loftkæling, USB tengi, 6 loftpúðar, rafstillt framsæti, hágæða Ecko leður innrétting, niðurfellanleg aftursæti (60/40), varadekk, birtuskynjari, regnskynjari, stýring á rafhlöðuhita, álfelgur, hiti í afturrúðu, hiti í hliðarspeglum, 360 gráðu myndavél, hjálp við að leggja í bílastæði, myndavél á mælaborði, vélarhlíf með gasdempurum, hólf fyrir glerþak, hiti í framsætum, 6 hátalarar, sólskyggni með spegli og ljósum, hægt að leggja hliðarspegla upp að bílnum með rafmagni, lesljós fram í og aftur í, hraðastillir, árekstrarvari, akreinaagreinir. Seres 3 er með orkustjórnunarskjá sem sýnir orkunotkun en einnig þá orku sem vinnst til baka þegar bremsað er eða bíllinn látinn renna.





Aðeins 5.900.000 kr.
með miklum staðalbúnaði



Skemmtilegustu leiksýningarnar eru í Hafnarfirði



Sýningar halda áfram í September
Tryggið ykkur miða á tix.is



FH Íslandsmeistarar í frjálsíþróttum

Fengu yfir þriðjung allra verðlauna á mótinu sem haldið var í Kaplakrika

FH sigraði í liðakeppni Meistaramóts Íslands sem fram fór í Kaplakrika 25. júní sl. Fékk félagið 79,5 stig en ÍR varð í öðru sæti með 51,5 stig. FH sigraði í kvennakeppninni með 51,5 stig og ÍR vað í öðru sæti með 22,5 stig en ÍR sigraði í karlakeppninni með 29 stig en FH varð í öðru sæti með 28 stig.

FH fékk 14 gullverðlaun, 16 silfurverðlaun og 6 bronsverðlaun, alls rúmlega þriðjung allra verðlauna á mótinu.

Hilmar Örn Jónsson FH náði bestum árangri á mótinu er hann kastaði sleggju 75,2 m og fékk fyrir það 1120 stig. Annan besta árangur átti Tiana Ósk Whithword ÍR er hún hljóp 100 m á 11,69 sek. og fékk 1054 stig. Þriðja besta árangrinum náði Kolbein Höður Gunnarsson FH er hann hljóp 100 m á 10.5 sek og fékk fyrir það 1040 stig.



Snyrtileikinn 2022

Bentu á þann sem að þér þykir bestur. Hafnarfjarðarbær leitar til íbúa og áhugasamra eftir tilnefningum til viðurkenninga fyrir fallega og vel hirta garða, götur og opin svæði eða stofnanalóðir í Hafnarfirði.

Frestur er til og með 21. ágúst 2022

Nánar á hfj.is/snyrtileikinn2022




NÝ STÓRVERSLUN

BÆJARHRAUNI 12, HAFNARFIRÐI



ERUM
HÉR

Við erum flutt í frábært húsnæði
í Bæjarhrauni 12
Opíð: Mán - Fös 8 - 18 og Lau 10 - 14



Bilanaust

*Það er komið
sumar!*

STÓRVERSLUN
BÍLDSHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

Framkvæmdaleyfi veitt fyrir reiðstíg

Fer um ósnortið hraun við Stórhöfða

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa 4. maí sl. samþykkti að fela skipulagsfulltrúa útgáfu framkvæmdaleyfis vegna reiðstígagerða m.a. við Stórhöfða á grundvelli aðalskipulags.

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi segir þó að framkvæmdaleyfi skuli gefin út á grunni deiliskipulags. Þó er heimilt að veita leyfi á grundvelli aðalskipulags ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á. Slíkt er þó ekki að finna í greinargerð með aðalskipulaginu.

Í samþykkt afgreiðslufundarins er þó vakin athygli á því að í jafri svæðisins er á aðalskipulag Hafnarfjarðar landnotkunarflokkur ÍP 10 og skal leiða reiðstíginn utan þess svæðis. Í greinargerð um það svæði segir hins vegar: „Gæta þarf þess að raska ekki Stórhöfðaleið og afla þarf upplýsinga um frekari fornleifar á svæðinu.“ Fornleifar eru vestan við Stórhöfðann sem ekki eru að finna í opinberri fommínjaskrá Hafnarfjarðar.

FRAMKVÆMDALEYFI ÁÐUR EN VITAÐ HVER LEGAN VERÐUR

Í svari við fyrirspurn Fjarðarfréttar segir Berglind Guðmundsdóttir hjá Hafnarfjarðarbæ að það að stika leið og innmæla sé hluti af „þessum pakka“. Segir hún hluta Stórhöfðastígsins vera innan Hvaleyrarvatnsskipulagsins en fari út fyrir mörkin til suðurs.

ÞARF EKKI AÐ KYNNNA!

Þá segir hún að framkvæmdir sem rúmast innan birtra og samþykktara skipulagsáætlana þurfi ekki að kynna sérstaklega.

Ekkert kemur fram um það hvort lagfæra eigi Stórhöfðastíg sem er mjög mikið farinn af útivistarfólki sem er orðinn mjög niðurgrafinn á köflum eftir umferð hesta og hjóla auk þess vatn hefur runnið eftir honum og grafið hann niður.

Hljóta bæjarbúar að kalla eftir kynningu og samráði um svona stóra framkvæmd sem lagning breiðrar reiðgötu í ósnortnu hrauni í upplandi Hafnarfjarðar er.

Hvernig ákveður maður laun bæjarstjóra?

og í hverju er starfið fólgið?

Þetta eru mikilvægar spurningar sem vert er að svara því annars er líklegt að geðþótta-ákvæðanir ráði för. Umræðan undanfarnar vikur um há laun bæjarstjóra hefur varla farið fram hjá neinum og sitt sýnisti hverjum.

Viðreisn lagði til á síðasta fundi bæjarráðs að laun bæjarstjóra tækju mið af launum almenns ráðherra og að fastur bifreiðastyrkur yrði afnuminn og þess í stað greitt samkvæmt raunverulegum akstri bæjarstjóra vegna vinnu sinnar. Með því að ákvarða launakjör bæjarstjóra út frá þekktri stærð gerum við þessa ákvörðun gagnsæja og minnkum tortryggni og vantraust ásamt því að afnema þá kvöð á kjörna fulltrúa að ákvarða eigin laun. Einnig skýtur það skökku við að nota bifreiðahlunnindi sem hluta launakjara þar sem undanþegin er staðgreiðsla skatta, það lækkar útsvarstekjur sveitarfélagsins og við



Jón Ingi
Hákonarson

megum ekki við því og setur það einnig slæmt fordæmi.

Við í Viðreisn lögðum einnig til að farið væri í þá vinnu að útbúa starfslýsingu fyrir starf bæjarstjóra. Vissulega er til ramma um starfið í samþykktum bæjarins en sá ramma er ansi óljós og tekur ekki á mörgum málum. Góð og nútímaleg stjórnsýsla

verður að taka mið af því besta sem er í gangi hverju sinni og því er mikilvægt að góð og ítarleg starfslýsing sé til staðar. Hún mun hjálpa þeim einstaklingum, sem taka að sér þetta mikilvæga starf, að taka góðar ákvæðanir, virða mörk valdsviðs síns og annarra stjórnenda bæjarins.

Það að hafna þessum tillögum Viðreisnar sýnir vilja meirihlutans til að halda í óskýr mörk og geðþóttaákvæðanir sem viðheldur ógagnsæi og eykur ekki á traust.

Höfundur er bæjarfulltrúi Viðreisnar og er áheyrnarfulltrúi í bæjarráði.



Karلاكórinn Prestir í Hafnarfirði vill bæta við sig áhugasömum kórfélögum í haust

Skemmtilegur og góður félagsskapur og munum við taka vel á móti ykkur!

Björgvin formaður kórsins
sími 897 6605 | threstir@threstir.is



ÚTSALAN ER HAFIN

Hlökkum
til að sjá
ykkur!

Dalakofinn

Linnetsstíg 2 | sími 555 4295



Skóhöllin

Útsalan er hafin hjá okkur.

30% afsláttur af völdum skóm og tös-kum! Mikið úrval!!!

Fullt af frábærum skóm á útsölu.
Kíkið í Fjörðinn og gerið frábær kaup!



SIXMIX
FOOTWEAR

Tamaris

kazar

Xti

Valdar vörur á

30%

afslætti!!!

www.skohollin.is

Önnur hæð verslunarmiðstöðinni firðinum í Hafnarfirði

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUÞÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð
vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Óskar Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali
as@domus.is
896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
220 Hafnarfjörður
www.domus.is



Fær laun í 6 mánuði eftir starfslok

Valdimar verður bæjarstjóri í sautján mánuði

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar samþykktu á fundi bæjarráðs 1. júlí sl. ráðningarsamning við Rósu Guðbjartsdóttur í stöðu bæjarstjóra til 31. desember 2024 en þá tekur oddviti Framsóknar við.

Fær Rósa 1.247.797 kr. á mánuði og greitt fyrir 60 klst. yfirvinnu, (tæpar 650 þús. kr.), auk þess sem hún fær greitt fast fyrir 500 km akstur á mánuði (um 60 þús. kr.) og fyrir síma og nettengingu. Þrátt fyrir að fulltrúar meirihlutflokkanna

hafi samið um að deila bæjarstjórástólnum fær Rósa greidd laun í 6 mánuði eftir að hún hættir. Að auki fær hún greitt skv. samþykktum bæjarins fyrir störf í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, 334.207 kr. Gerir þetta um 2,2 milljónir auk bílastyrks.

Undir samninginn rituðu Rósa og verðandi bæjarstjóri Valdimar Víðisson en hann mun taka við 1. janúar 2025 með ráðningu til loka maí 2026 og gæti þá fengið 23 mánaða laun fyrir 17 mánaða vinnu ef eins semst og nú.

Bæjargöngur með leiðsögn

Í sumar er boðið upp á bæjargöngur með leiðsögn alla miðvikudaga. Álfaganga, brandaraganga, söguganga um æskuslóðir og buslganga svo fátt eitt sé nefnt. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Samstarfsverkefni í Heilsubænum Hafnarfirði

| Nánar á hfj.is/gongur2022



Ú



SKYR
SJÁ TILBOÐ
MÁNADARNS
NÁNAR Á FACEBOOK



T



S



A

L



A

*AFSLÁTTURINN GILDIR AÐEINS FYRIR ÚTSÖLUVÖRUR

